

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**687. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 21. mars 2011  
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Erindi Júlíusar Mús Baldurssonar.
2. Erindi Specialisterne á Íslandi.
3. Bréf Grósku-Hugbúnaðar ehf.
4. Erindi Þorbjargar Valdimarsdóttur
5. Starfsmannamál Íþróttamiðstöðvarinnar.
6. Umsóknir um starf íþrótta-og tómstundafulltrúa.

**Afgreiðslur:**

1. Lagt fram erindi frá Júlíusi Mús Baldurssyni dags. 7. mars 2011, beiðni um meðmæli sveitarstjórnar vegna umsóknar á leigu-og ábúðarrétti að Tjörn á Vatnsnesi. Byggðarráð telur ekki tímabært að veita slík meðmæli þar sem umsóknir um ábúðarrétt liggja ekki fyrir.
2. Lagt fram erindi Specialisterne, þar sem óskað er eftir að Húnaþing vestra gerist stofnaðili að Specialisterne á Íslandi. Byggðarráð samþykkir að hafna erindinu..
3. Lagt fram til kynningar bréf Grósku-Hugbúnaðar ehf. um aðgang að Grósku upplýsingakerfi í sértækri félagsþjónustu.
4. Lagt fram erindi Þorbjargar Valdimarsdóttur dags. 28. febrúar 2011, þar sem hún óskar eftir launalausum leyfi í eitt ár frá 1. ágúst 2011. Byggðarráð samþykkir erindið.
5. Starfsmannamál Íþróttamiðstöðvarinnar. Sveitarstjóri greindi frá uppsögnum tveggja starfsmanna í Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra og ráðstöfunum sem gripið hefur verið til vegna þeirra. Byggðarráð felur sveitarstjóra að auglýsa umrædd störf laus til umsóknar.
6. Umsóknir um starf íþrótta-og tómstundafulltrúa. Sveitarstjóri kynnti fyrirleggjandi umsóknir. Ein umsókn barst of seint. Byggðarráð samþykkir að vísa umsóknunum til umsagnar menningar-og tómstundaráðs.  
Samþykkt að taka á dagskrá
7. Sveitarstjóri greindi frá fundi sem hann og oddviti áttu sl. fimmtudag með starfsmönnum Þjóðskjalasafns Íslands í tengslum við átak skráningar gagna á Bóka- og skjalasafni Húnaþings vestra. Starfsmenn þjóðskjalasafns munu í byrjun aprílmánaðar n.k. halda kynningu á rafrænni skjalavörslu og um leið greina gögn héraðsskjalasafns og veita leiðbeiningu um skráningu þeirra og vörslu.
8. Sveitarstjóri greindi frá fundi sem hann, oddviti og forstöðumaður tæknideildar áttu sl. fimmtudag með starfsmönnum Orkustofnunar vegna atriða er tengjast möguleikum á stækkun dreifikerfis hitaveitu að Reykjum í Hrutafirði.

Fundagerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:15

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Stefán E. Böðvarsson

---

Ragnar Smári Helgason

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

---

Pétur R. Arnarsson

---

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari